

Föstudaginn 21. maí 1993.

Nr. 87/1993.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Benjamín Vilhelmssyni

(Tryggvi Gunnarsson hrl.).

Náttúruverndarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. febrúar 1993. Hann krefst þess, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til refsingar, enn fremur, að ákærði verði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar í héraði svo og til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins.

Af hálfu ákærða er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að áfrýjunarkostnaður málsins verði greiddur úr ríkissjóði. Til vara er þess krafist, að refsing ákærða verði látin falla niður, en til þrautavara, að ákærða verði aðeins gerð vægasta refsing, sem lög leyfa.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu ákærvalds, að fallist væri á þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákærði hefði ekki farið með bifreið sína inn á friðlýst svæði samkvæmt auglýsingu nr. 194/1978 um friðlýsingu Öskju í Ódáðahrauni. Af hálfu ákærvalds er hins vegar lögð áhersla á, að akstur ákærða, sem sannanlega hafi verið utan stikaðs vegar, varði við 1. mgr., sbr. 2. mgr., 13. gr., sbr. 1. mgr. 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971 og 1. mgr. 12. gr., sbr. 1. mgr. 41. gr. reglugerðar um náttúruvernd nr. 205/1973.

Í ljós er leitt, að ákærði hafi ekið bifreið sinni um 100 metra eftir slóð, sem liggur frá Gæsavatnaleið eftir hlíðinni inn að Nautagili, og að slóð þessi hafi verið ekin nokkrum sinnum allt frá árinu 1965, en þá mun langferðabifreið hafa komið þangað með geimfara í æfingaferð.

Í frumvarpi til laga um náttúruvernd, sem lagt var fyrir Alþingi árið 1969, var í 1. mgr. 13. gr. sett almenn varúðarskylda við spjöllum á náttúru landsins, og var ákvæðið lögfest óbreytt í

lögum nr. 47/1971 um náttúruvernd. Í 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins var Náttúruverndarráði veitt heimild til þess að banna óþarfan akstur ökutækja utan vega og merktra bílaslóða, þar sem náttúruspjöll geta af hlotist. Í athugasemdum með frumvarpinu var þetta skýrt þannig, að heppilegast væri að heimila Náttúruverndarráði að leggja bann við óþarfaakstri á tilteknum stöðum eða í tilteknum tegundum umhverfis eða á tilteknum árstímum. Í meðförum Alþingis varð heimild þessi að skyldu. Náttúruverndarráð hefur ekki bannað akstur á stað þeim, sem mál þetta fjallar um.

Ákærða var nauðsyn að leita náttstaðar utan hins stikaða vegar á ferð sinni eftir Gæsavatnaleið. Akstri sínum utan vegarins hagaði hann af varfærni, eftir því sem ráðið verður af gögnum málsins, og er ósannað, að hann hafi valdið teljandi náttúruspjöllum. Þegar af þessum ástæðum kemur ekki til álita, að ákærða verði gerð refsing á grundvelli 1. mgr. 13. gr. laga nr. 47/1971 einnar saman. Með akstrinum braut ákærði ekki gegn neinu banni, er Náttúruverndarráð hefði sett samkvæmt 2. mgr. þessarar lagagreinar, og kemur refsing á grundvelli hennar ekki heldur til greina. Hið almenna ákvæði 1. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 205/1973 um bann við óþarfaakstri utan vega eða merktra vegarslóða stafar ekki frá Náttúruverndarráði og kemur ekki í stað banns af því tagi, sem um ræðir í 2. mgr. 13. gr. laganna. Verður sakfelling á hendur ákærða ekki byggð á þessu ákvæði reglugerðarinnar fremur en á lögnum sjálfum.

Með vísan til þessa og til forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti ber að staðfesta hann.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Tryggva Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 21. janúar 1993.

Ár 1993, fimmtudaginn 21. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannes-

syni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-89/1992: Ákærvaldið gegn Benjamín Vilhelmssyni, sem dómtekið var 11. janúar sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 6. nóvember 1992, gegn Benjamín Vilhelmssyni, Marbakkabraut 20, Kópavogi, kt. 211060-5819, fyrir brot gegn lögum um náttúruvernd með því að aka að kvöldi fimmtudagsins 1. ágúst 1991 bifreiðinni U-177 nokkurn spöl utan stikaðs vegar við Nautagil í Skútustaðahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 13. gr., sbr. 1. mgr. 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971 og 1. mgr. 12. gr., sbr. 1. mgr. 41. gr. reglugerðar um náttúruvernd nr. 205/1973, sbr. auglýsingu um friðlýsingu Öskju í Ódáðahrauni nr. 194/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Verjandi ákærða, Helgi Birgisson hdl., hefur gert kröfu um, að ákærði verði sýknaður af kröfum ákærvalds og sér dæmd hæfileg málsvarnarlaun úr ríkissjóði, en verði sakfelld í málinu, er ekki gerð krafa til málsvarnarlauna.

Málavextir.

Með bréfi Náttúruverndarráðs, dags. 5. nóvember 1991, til lögreglunnar í Kópavogi er ákærði kærður fyrir akstur utan vegar og gistingu í bíl við Nautagil við veg F-98 á Gæsavatnaleið, og er í bréfinu vitnað til kæru Þorsteins Narfasonar landvarðar, dags. 1. ágúst 1991, sem fylgdi bréfinu.

Ákærði hafði að kvöldi fimmtudagsins 31. júlí 1991 verið að ferðast um hálendið á bifreið sinni, U-177, Toyota Landcruiser, og voru þau þrjú í bifreiðinni, þ. e. ákærði, kona hans og sjö ára dóttir. Þau höfðu farið að Öskju, og var ferðinni svo heitið um Gæsavatnaleið áleiðis að Sprengisandsleið. Á tímabilinu frá kl. 21.00 til 22.00 hafði ákærði hætt akstri eftir veginum og ekið bifreiðinni út fyrir veginn að svonefndu Nautagili um 100 metra leið og stöðvaði þar bifreiðina. Þótti honum orðið of framorðið til að halda ferðinni áfram, miðað við, að hann var ekki í samfloti með neinum öðrum, en yfir vatnsföll að fara, og gerði hann ráð fyrir, að vatn í þeim hefði aukist síðari hluta dagsins. Hann hafði því ákveðið að halda þarna kyrru fyrir um nóttina. Þau höfðu strax farið að sofa í bifreiðinni, en ekki tjaldað. Um klukkan 3.00 um nóttina var ákærði vakinn af framangreindum Þorsteini Narfasyni landverði, sem kærði ákærða fyrir akstur utan vegar og einnig fyrir tjöldun (gistingu í bifreið) utan merktra tjaldsvæða. Í kærinni kemur fram, að landvörðurinn telur ákærða vera á friðlýstu svæði, þar sem tjöldun og akstur utan vegar væru óheimil. Þá kemur og fram, að á svæðinu, þar sem bifreiðin hafði verið stöðvuð, hafi verið slóðar þvert og endilangt og við akstur ákærða hafi myndast einn slóði í viðbót, og væru þessir slóðar ekki beint heillandi fyrir augað, en

þarna væri samt ekki mikill gróður og því ekki hægt að tala um gróður-skemmdir í neinum mæli. Ákærði tók fram í skýrslunni, sem hann hafði skrifað undir, að hann hefði ekki framið nein landspjöll, hvorki á jörð né gróðri, og ekkert rusl skilið eftir.

Kærunni áttu að fylgja myndir, sem landvörðurinn tók af aðstæðum, en þær hafa ekki verið lagðar fram í málinu.

Ákærði kvaðst, er hann ók frá hinum stikaða vegi, hafa ekið eftir gamalli slóð og svo ekið um eina billengd út úr slóðinni að náttstað. Hann kvað hafa verið þurr og hlýtt og ekki komið dropi úr lofti marga daga á undan og jarðvegur verið þurr og ekki markað í hann eftir bifreið sína, en um sé að ræða mel, sem ekkert hafi séð á, og landvörðurinn hafi ekið bifreið sinni eftir sama slóða og svo upp úr honum og út fyrir hann.

Vegna rannsóknar á framangreindri kæru fóru tveir lögreglumenn frá Húsavík 29. júlí 1992 að kanna landspjöll við svonefnt Nautagil í Dyngjufjöllum, og kemur m. a. fram í skýrslu Daníels Guðjónssonar varðstjóra, að Nautagil er ekki merkt á korti, en Sigurður Þórarinnsson er talinn hafa nefnt gilið Nautagil, þegar bandarískir geimfarar voru við æfingar á þessu svæði fyrir fyrstu tunglferðina, og munu þeir þá hafa haft búðir við gilið. Nafnið er dregið af seinni hluta enska orðsins „astronaut“. Fyrir daga skála Ferðafélags Akureyrar í Dreka­gili mun hafa verið algengt, að gist væri við gilið, sem er í austanverðum Dyngjufjöllum í um þriggja km fjarlægð frá Dreka­gili. Með skýrslunni fylgdi ljósrit af korti af Dyngjufjöllum í mælikvarðanum 1:50.000, og er Nautagil þar merkt inn á. Í skýrslunni kemur fram, að litil á rennur meðfram fjallsrótum til suðurs og fær vatn úr giljum og skorningum í fjöllunum. Með árbökkunum er lítills háttar gróður, þar sem mest ber á kyrkingslegum runnum, eyrarrós og lítills háttar grasi. Milli árinna og fjallveg­ar F 98, Gæsavatnaleiðar, er sléttur melur, u. þ. b. 150 til 200 metrar. Melurinn er þakinn ljósum Öskjuvikri, blönduðum dökkum foksandi. Melurinn er í meðallagi gljúpur, og miðað við slóðir næst fjallveginum, sem til hafa orðið við mætingu ökutækja, myndast um tveggja til fjögurra cm djúp slóð við akstur ökutækja á melnum. Greinileg jeppaslóð af fjallveginum um melinn var þarna sjáanleg, en líklegt, að hún væri frá þessu sumri, þ. e. 1992. Aðrar slóðir, sem líklega voru frá sumrinu 1991, voru varla greinanlegar, enda yfirlag þarna það laust, að slóðir mást að líkindum út að mestu á einu ári. Engar skemmdir eru sjáanlegar á gróðri meðfram ánni. Ljóst virðist því vera, að ákærði hafi ekki valdið varanlegum landspjöllum með akstri sínum í umrætt sinn, þ. e. 1. ágúst 1991, en hins vegar væri líklegt, að slóð sú, sem hann hafi skilið eftir sig, hafi verið greinileg það, sem eftir var sumars.

Ákærði, kona hans, Marta Ólína Jónsdóttir, Marbakkabraut 20, Kópavogi, kt. 250248-4079, og kærandinn, Þorsteinn Narfason, Engjasetli 33,

Reykjavík, kt. 200366-5069, hafa öll borið um atvik hér fyrir dómi, og auk þess, sem að framan er getið, kom þetta fram:

Ákærði kvað þau hafa verið að aka þarna um hálendið um daginn og verið ein á ferð. Hann hefði þá ekið að húsi landvarða í Drekgili í Öskju til að fá upplýsingar um, hvernig færðin væri yfir árnar. Hann kvað landvörðinn lítið hafa vitað um það. Hann hefði rætt við konu landvarðarins og talið borist að landvernd, sem þau hefðu rætt almennt, þ. á m. utanvegaakstur og að bannað væri að tjalda utan tjaldsvæða. Sér hefðu þó ekki verið afhentar neinar leiðbeiningar. Hann kvaðst, er hann hefði haldið ferðinni áfram, hafa mætt bifreið, sem hefði farið yfir árnar á eldri Gæsavatnaleiðinni, sem hann ætlaði að fara, og ökumaður hennar ráðlagt sér að fara ekki leiðina þá um kvöldið. Hann hefði svo séð slóða, sem lá að gömlum tjaldsvæðum. Slóðinn hefði ekki verið sérstaklega merktur, en hann verið ekinn í mörg ár, og kvaðst hann ekki hafa myndað sérstakan slóða með akstri sínum eftir gamla slóðanum. Hann kvað enga hættu hafa verið á landspjöllum af akstri sínum. Hann hefði farið slóðina í stað þess að fara yfir melinn, og hefði hann ekki með akstri sínum markað sérstaka slóð í jarðveginn. Hann kvað ekki hafa séð á einu né neinu, eftir að þau höfðu verið þarna við gilið, þau hafi ferðast mikið um hálendið og gert sér sérstaklega far um snyrtilega umgengni. Hann kvað landvörðinn aðallega hafa sakað sig um að tjalda, þar sem það mátti ekki, en um 500 metra frá hefðu verið 3-5 bifreiðar, þar sem fólk hefði tjaldað, og hefði hann og vakið það og rekið upp. Ákærði kvaðst ekki telja, að hann hefði verið innan friðlýsts svæðis.

Eiginkona ákærða, Marta Ólína, bar sem vitni mjög á sama veg og ákærði um atvik. Hún kvað þau hafa ekið eftir gömlum vegslóða að gömlu tjaldsvæði og engin sérfor verið eftir bifreið þeirra. Þetta hefði virst aflögð, gömul slóð, engin spjöll hlotist af akstrinum, slóðin verið um sandfláka og mel. Hún kvað þau hafa mætt bifreið og ökumaður hennar tjáð þeim, að ekki væri vit í því að fara áfram einbíla að kvöldi leiðina, sem var fram undan hjá þeim. Hún áréttaði, að þau gengju alltaf vel um náttúruna.

Vitnið Þorsteinn Narfason kvað ákærða hafa verið ráðið frá að fara Gæsavatnaleið þennan dag, og var hann í húsi landvarðar í Drekgili. Það kvaðst aðallega hafa kært ákærða fyrir utanvegaakstur. Það kvað margar slóðir hafa verið að Nautagili og þær verið í sveig frá veginum, og taldi það, að ákærði hefði myndað sérslóð með akstri sínum. Það kvað það hafa tíðkast, að bifreiðum væri ekið þarna utan vegar. Það hefði ekki kært áður aðra ökumenn fyrir utanvegaakstur þarna þetta sumar, en taldi, að slóðirnar hefðu myndast þetta sumar, og minnti, að sérslóð hefði verið eftir bifreið ákærða. Vitnið kannaðist ekki við, að þarna við Nautagil væru gömul tjaldsvæði né að þangað væri slóð, sem gjarnan hefði verið ekin.

Það kvað ekki hafa myndast djúp hjólför, og slóðir hefðu máðst út, en oft á sumri sé sandrok og skafi. Það kvaðst hafa talið, að Nautagil væri friðlýst svæði, og a. m. k. væri þetta í Skútustaðahreppi, sem hefði verið friðlýstur. Það lýsti þannig spjöllunum, sem af akstri hlytist, að jarðvegur þjappaðist í hjólförum, laust efni, ljós vikur, fyki í þau, og þá yrði í skjóli hjólfaranna gróðurmyndun á annars gróðurlausu svæði. Þó væri þetta slæmt upp á eftirbreytni, því að fólk færi þá að þessu svæði til að tjalda.

Vitnið sýndi í réttinum tvær ljósmyndir, sem það hafði tekið á eigin vél af bifreið ákærða við Nautagil, og kvað þær skýrari eða betri en myndir þær, sem það hefði tekið á myndavél Náttúruverndarráðs og áttu að fylgja málinu. Af myndunum er ljóst, að ákærði hefur lagt bifreiðinni þar, sem vitnið heldur fram, en á þeim sjást engin merki um náttúruspjöll af hálfu ákærða.

Niðurstöður.

Ljóst er af framangreindu, að ákærði ekur bifreiðinni U-177 utan stikaðs vegar, svo sem lýst er í ákæru, og hefur það gerst fimmtudagskvöldið 31. júlí 1991, en ekki 1. ágúst, eins og getur í ákæru.

Ákærði hefur hins vegar mótmælt því að hafa með þessu gerst brotlegur við þau refsíákvæði, sem greind eru í ákæru. Er af hans hálfu lögð áhersla á, að hann hafi þarna ekki verið á friðlýstu svæði skv. auglýsingu nr. 194/1978, sér sé ekki í ákæru gefið að sök að valda náttúruspjöllum, og skv. 11. gr. sé almenningi heimil för og dvöl á landsvæðum utan landareigna lögbýla í lögmaetum tilgangi, en með þeim takmörkunum, sem leiði af reglum þeim, sem fram komi í 2. mgr. 13. gr. sömu laga. Þá er bent á, að 1. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar nr. 205/1973 gangi lengra en 13. gr. laganna, bannið um akstur utan vegar sé þar of viðtækt, og vísað til greinargerðar náttúruverndarlaga um 13. gr. laganna varðandi það, hvað kalla ber óþarfaakstur utan vega og merktra slóða, og jafnvel þó að 12. gr. reglugerðarinnar verði talin eiga við, sé ekki sýnt fram á, að ákærði hafi valdið náttúruspjöllum með akstri sínum.

Í auglýsingunni um friðlýsingu Öskju í Ódáðahrauni segir, að mörk hins friðlýsta svæðis fylgi hábrúnum öskjunnar allt í kring og að akstur innan hins friðlýsta svæðis nema um rudda slóða og bílastæði við Vikraborgir sé bannaður.

Þegar mynd af korti því, sem fram kemur í auglýsingunni, og ljósrit af korti því, sem fylgdi skýrslu lögreglunnar á Húsavík, eru skoðuð, virðist augljóst, að hábrún öskjunnar á móts við Nautagil er í 1200-1400 metra hæð, en Nautagil er við rætur öskjunnar að austan í um 700 metra hæð yfir sjó, og verður því í málinu að telja ósannað, að landsvæðið við Nauta-

gil sé innan hins friðlýsta svæðis, og því verði ákærði ekki talinn hafa brotið gegn reglum auglýsingarinnar.

Ekki verður heldur séð, að akstur og dvöl ákærða á framangreindu svæði hafi verið honum óheimil skv. 19. gr. reglugerðar nr. 136/1978, sbr. lög nr. 36/1974. Skv. lögum þessum og reglugerð er Skútustaðahreppur friðlýstur, en svæði þetta er í Skútustaðahreppi. Skv. 19. gr. reglugerðarinnar er almenningi þó frjáls för um hið friðlýsta svæði, eftir því sem lög leyfa, og ferðamönnum heimil dvöl utan byggðar, en gert er þó ráð fyrir, að takmarka megi þetta frelsi, og vísað til 14. gr. reglugerðarinnar þar um, en slíkar takmarkanir beri að auglýsa sérstaklega. Ekki verður séð, að auglýsingar um þetta efni hafi verið birtar.

Fallast verður á það, að í greinargerð með lögum nr. 47/1974 um náttúruvernd sé skýrt, hvað sé talinn óþarfur akstur utan vega og merktra vegar slóða, og verður ekki talið, að akstur ákærða að náttstað falli undir fyrrgreinda skilgreiningu, en þar er talað um, að menn geri sér leik að því að þreyta akstur í bröttum brekkum til þess eins að reyna hæfni farartækjanna, og blasi afleiðingar þessarar dægradvalar víða við í byggð sem óbyggð, og nefnt sem dæmi, að fallettar gróðurbrekkur og gíghólar hafi verið rist í sundur af hjólbörðum ökutækjanna og vatn og vindar svo tekið við og fullkomnað eyðilegginguna. Í greinargerðinni er gert ráð fyrir, að Náttúruverndarráði sé heimilt að leggja bann við slíkum óþarfaakstri á tilteknum stöðum, í tilteknum tegundum umhverfis eða á tilteknum árstímum (t. d. bann við akstri um gróðurvinjar á öræfum eða bann við akstri að vori til, meðan frost er að fara úr jörðu).

Í 2. mgr. 13. gr. laganna um náttúruvernd er svo tekið fram, að ráðinu sé skylt að banna allan óþarfaakstur utan vega og merktra slóða, þar sem náttúruspjöll geti af hlotist. Þetta hefur ráðið gert í mörgum tilfellum og gefið út auglýsingar um ákvarðanir sínar, sem birtar hafa verið með venjulegum hætti í Stjórnartíðindum. Ekki verður séð, að auglýsing frá ráðinu um bann við akstri á svæðinu við Nautagil hafi verið birt.

Ætla verður, að löggjafinn hafi lagt það í vald Náttúruverndarráðs að meta, hvar af gróðurfarslegum og friðunarástæðum beri að banna akstur utan vega og merktra slóða, en að öðru leyti sé mönnum heimill akstur í óbyggðum utan vega og merktra slóða að því tilskildu, að þeir beri ábyrgð á þeim náttúruspjöllum, sem þeir valdi, sbr. 1. mgr. 13. gr. laganna.

Þegar þetta er haft í huga, verður að telja, að bann það við akstri utan vega og merktra slóða, sem fram kemur í 12. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 205/1973, sé víðtækara en lögin heimila, en þar greint almennt bann við akstri virðist einkum styðjast við 2. mgr. 13. gr. laganna um náttúruvernd.

Þegar virtur er framangreindur framburður og skýrsla lögreglunnar í Þingeyjarsýslu, er ljóst, að ákærði hefur ekki með akstri sínum valdið

varanlegum landspjöllum, og vafasamt er, hvort akstur hans eftir slóða, sem kann að hafa verið fyrir, hafi valdið teljandi náttúruspjöllum, en gegn mótmælum ákærða eru ónóg gögn um það efni.

Ákærði er ekki sérstaklega sakaður um í ákæru að valda náttúruspjöllum, heldur óleyfilegan akstur á þar greindum stað, en með því að breyta þykir lagastoð um bann við akstri ákærða á framangreindum stað, ber að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Dæma ber, að allur kostnaður sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda hans, Helga Birgissonar hdl., sem ákvarðast 40.000 kr. auk virðisaukaskatts, greiðist úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Benjamín Vilhelmsson, skal sýkn af kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Allur kostnaður sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda hans, Helga Birgissonar hdl., 40.000 kr. auk virðisaukaskatts, greiðist úr ríkissjóði.
